

1. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2015, haldinn 29. janúar 2015 í leikskólanum kl. 15.15. 2. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Vigdís Furuseth (varamaður Jóns Bjarnasonar), Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Undanþágubeiðni vegna vistunar yngra barns.**
- 3. Ytra mat leikskóla.**
- 4. Sunnlenski skóladagurinn.**
- 5. Skólafest, erindi til sveitarstjórnar.**
- 6. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

- ❖ Frá miðjum nóvember og fram í miðjan janúar voru miklar fjarvistir hjá starfsfólki og þá aðallega vegna veikinda og gerði það starfinu erfitt fyrir og voru nokkuð margir dagar þar sem gæsla var áberandi. En nú horfir þetta betur við og vonumst við til þess að veikindahrinu sé lokið í bili 😊.
- ❖ Nóvember og desember liðu eins og örskot enda var margt að gera hjá okkur, jólagjafirnar voru gerðar í desember. Mikil vinna er lögð í jólagjafirnar og öðlast barnið margskonar færni við gerð þeirra, en mest um vert er að kunna að gefa með stolti það sem maður hefur skapað sjálfur og tilfinninguna sem fylgir því að gleðja aðra.
- ❖ Deildirnar hittust vikulega og sungu saman, frá miðjum nóvember fram í miðjan desember kom séra Óskar til okkar. Hann sagði okkur sögur um kærleikann, vináttuna og söng svo með okkur. Þetta voru notalegar og skemmtilegar stundir sem enginn gerði athugasemdir við.

- ❖ Foreldrafélagið hefur staðið sig vel og bauð okkur upp á leiksýninguna „Smiður jólasveinanna“ og var yngsta stigi Flúðaskóla líka boðið. Börn og fullorðnir skemmtu sér vel. Foreldrafélagið sá einnig um að kveikja á útjólatrénu okkar og var það gert snemma að morgni 27.nóv. Svo fengum við líka jólagjafir frá þeim og erum við þeim mjög þakklát fyrir þeirra framlag og gjafirnar nýtast börnunum vel.
- ❖ Eldri borgarar komu til okkar í desember. Börnin sungu fyrir gestina og buðu þeim uppá kaffi og konfekt. Þau lásu svo sögu fyrir börnin og skoðuðu sig um í leikskólanum. Mjög góð þátttaka var meðal eldri borgara í sveitinni og þökkum við þeim enn og aftur kærlega fyrir komuna.
- ❖ Bakaðar voru piparkökur á öllum deildum í desember, foreldrum er boðið að koma og taka þátt í bakstrinum og eru þetta hinar notalegustu stundir svo fengu allir að bragða á nýbökudum piparkökum. 1.bekkur kom einnig og bakaði piparkökur með Skógarkoti.
- ❖ Hápunktur jólaundirbúningsins okkar var svo náttfatajólaballið en þar var sungið og dansað í kringum jólatréð. Í upphafi sýndu börnin á Skógarkoti hinn árlega helgileik með glæsibrag. Jólasveinninn kom og færði börnunum bækur sem foreldrafélagið okkar hafði laumað í pokann hans, jólasveinninn fær sérstakar þakkir þetta árið þar sem hann nálgast börnin á góðan hátt, var svolítið kjánalegur en varfærnislega samt, greinilega jólasveinn með reynslu☺. Flest öll börnin fengu einhvern til sín á ballið, foreldra sína ömmur, afa eða eldri systkini sín og erum við mjög ánægð með þátttöku þeirra á ballinu. Eftir ballið fóru gestirnir heim og við borðuðum saman jólamat. Það er hefð hjá okkur að bjóða starfsfólki skrifstofunnar í jólamatin og komu þau að vanda.
- ❖ Fá börn mættu í skólann á milli jóla og nýárs þ.e.a.s. 6-9 börn og skiptum við starfsmenn jólafríi á milli okkar. Það er ánægjulegt hversu margir gátu notið þess að eiga jólafrí saman. Á þorláksmessu gáfum við starfsfólki mötuneytisins frí þar sem aðeins 6 börn mættu í leikskólann en við fengum súpu og brauð frá þeim sem við hituðum upp hjá okkur.
- ❖ Breytingin sem við gerðum á fyrirkomulagi okkar í hádeginu hefur gefist mjög vel. Börn frá 2ja ára aldri velja sér mat af hlaðborði, skammta sér sjálf á disk og velja sér svo sæti. Börn sem eru yngri en 2ja ára fá þjónustu. Það koma ekki öll börn fram í einu, það er svokallað „flæði“ á börnum og starfsfólki. Við erum mjög ánægðar með þessa breytingu, meiri ró er á meðan borðhaldi stendur, lýðræði barnanna er aukið, eins styrkir þetta hreyfifærni og samhæfingu. Töluvert mikill munur er á því hvað við hendum mikið af mat og hefur minnkað um meira en helming lífrænn úrgangur hjá okkur. Það er okkar von að Flúðaskóli taki okkur sér til fyrirmyndar og að nemendurnir þar fái að skammta sér sjálfir.

- ❖ Helsti viðburður janúarmánaðar var án efa karladagurinn, hvert barn var búið að útbúa boðsbréf og fallega gjöf til að færa sínum karli. Í vikunni fyrir karladaginn gera börnin boðskort fyrir sinn karl. Mikil umræða fer fram um það „hvað karlar gera“ og eru svör barnanna alveg stórskemmtileg. Dagurinn var hin ánægjulegasti og gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta og eiga stund með barninu sínu við leik og störf.
- ❖ Undirbúningur er hafinn á umsókn í sprotasjóð. Ætlum við að fara af stað með þróunarverkefni næsta skólaár með innleiðingu hugmyndafræði Reggio Emilia og tengja hana betur við útikennsluna. Markmið verkefnisins er að það sjáist í öllu okkar starfi hver hugmyndafræði okkar er. Við munum fara af stað í þessa þróunarvinnu með eða án styrksins frá sprotasjóði. Ef styrkurinn fæst ekki verður verkefnið bara með aðeins öðru sniði og nær jafnvel yfir lengri tíma.
- ❖ Leikskólinn var valinn af námsmatsstofnun í ytra mat og mun það fara fram á tímabilinu febrúar til maí.
- ❖ Innra mat verður gert nú í febrúar þ.e.a.s. starfsmannakönnun og fengum við skólapúlsinn til að halda utan um könnunina. Sjá meðfylgjandi skjal.
- ❖ Við erum komin með áskrift að Tónlist.is og fjárfestum í þráðlausum hátölurum inná hverja deild, ný plöstudarvél loksins komin í hús eftir að hin bræddi úr sér í nóvember. Lítið og nett söngkerfi var keypt svo nú förum við að þjálfa einsöngvara framtíðarinnar☺. Bættum líka við einum lpad í viðbót sem verður notaður í sérkennslu. Svo verðum við að fjárfesta í nýjum litaprentara þar sem að hann gafst upp á okkur í byrjun árs. Úlpur á starfsfólki voru líka keyptar.
- ❖ Samstarf leik-og grunnskóla er í endurmati og er væntanleg innleiðingaráætlun um hvernig samstarf skólanna verður með markvissum hætti aukið næstu árin. Planið er að slík innleiðing hefjist í upphafi næsta skólaárs.
- ❖ Samstarf við leikskólann Álfaborg er einnig í skoðun og munu leikskólastjórar skólanna hittast í þessari viku til skrafs og ráðagerðar. Báðir leikskólar hafa hugmyndafræði Reggio Emilia að leiðarljósi í sínu starfi. Eru hugmyndir um heimsóknir barna á milli leikskólanna og fagfunda á milli starfsfólks. En allt er þetta á byrjunar stigi og fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður.
- ❖ Við sóttum um að vera samstarfskóli-heimaskóli Menntavísindasvið Háskóla Íslands um menntun leikskólakennara. Hlutverk okkar í því samstarfi er að taka að okkur nema.
- ❖ Sveitafélagið hefur gert tímabundin samning við Önnu Stefaníu Vignisdóttur talmeinafræðing og mun hún annast greiningar og ráðgjöf fram að sumarfríi. En svo

verður hún komin í vinnu hjá skólaþjónustu Árneshlíða næsta skólaár svo við eigum eftir að njóta starfskrafta hennar áfram.

- ❖ Fengum heimsókn frá Héraðsskjalasafni Árneshlíða og nú er í vinnslu skjalavistunaráætlun fyrir leikskólann sem tekur gildi næsta skólaár. Mikil vinna er framundan t.d við flokkun skjala og ljósritun.
- ❖ Dagur leikskólans verður 6. febrúar. Í tilefni dagsins opna nemendur leikskólans myndlistasýningu í versluninni Samkaup/Strax. Sýningin verður opin út febrúarmánuð. Dagur leikskólans er haldinn til að vekja athygli á leikskólanum og því frábæra starfi sem þar fer fram. Sýningin verður opnuð formlega þann 6. febrúar kl. 9:45 og verður í ár tileinkuð körlum.

2. Undanþágubeiðni vegna vistunar yngra barns.

Leikskólastjóri lagði fram umsókn um undanþágu, skv. 6 gr. í reglum leikskólans um úthlutum leikskólalássa. Skólanefnd samþykkir umsóknina.

3. Ytra mat leikskóla.

Leikskólastjóri sagði frá því að sótt hafi verið um úttekt á ytra mati á leikskólanum til Námsmatsstofnunar og var leikskólinn valinn til mats vorið 2015. Matið mun fara fram á tímabilinu febrúar til maí nk. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með að ytra mat verði framkvæmt á leikskólanum.

4. Sunnlenski skóladagurinn.

Kynnt voru áform um sunnlenska skóladaginn sem áætlað er að verði haldinn í apríl 2016.

5. Skólastefna, erindi til sveitarstjórnar.

Í Flúðaskóla og Leikskólanum Undralandi er hafinn undirbúningur að innleiðingu nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanefnd leggur til að sveitarstjórn geri slíkt hið sama, þ.e. í þeim þáttum skólastefnu er snúa beint að sveitarstjórn.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:40.